



Skógarvefrallý

ALMENNAR UPPLÝSINGAR

Markmið: Að auka þekkingu nemenda um LÍS-verkefnið og skógrækt á Íslandi í heild sinni ásamt því að hafa tækni á leitarlestri, yfirlitslestri, ítarlestri við heimildaöflun og geta fundið lykilorð í texta. Eflir leikni í vinnubrögðum og eykur hæfni í sjálfstæðum vinnubrögðum.

Námsgreinar: Íslenska og upplýsingatækni.

Aldur: Elsta stig.



VERKLÝSING

Vefrallý, þar sem nemendur fara um vef Skógræktar ríkisins og leita að upplýsingum.

Nemendur fá spurningar í hendur á ritvinnsluskjali eða vefsíðu. Gefin er upp slóðin á vef Skógræktarinnar, skogur.is, þar sem nemendur leita að upplýsingum/svörum út frá gefnum spurningum. Nemendur svara í ritvinnsluskjali með eigin orðum.

Hægt er að gera svona verkefni að keppni um það hversu hratt nemendur vinna og einnig hversu vel þeir leysa verkefnin. Einnig er hægt að hafa verkefnin mismunandi á milli nemenda eða hópa og láta þá síðan kynna niðurstöður sínar fyrir hinum nemendum bekkjarins.

UNDIRBÚNINGUR, NÁMSEFNI, TÆKI OG TÓL

Tölvur til vefleitar.

Vefur Skógræktarinnar, skogur.is.

Leiðbeiningar á blaði eða á netinu um það sem ætlast er til af hverjum hóp eða nemanda. Kennari er til taks ef aðstoðar er þörf.